

Ár 2014, fimmtudaginn 9. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í málinu nr. S-6/2014:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson ftr.)

gegn

Sesselju Guðmundsdóttur

(Skúli Bjarnason hrl.)

svohljóðandi

dómur :

Mál þetta, sem þingfest var 28. janúar 2014 og dómtekið 12. september sl., var höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 21. desember 2013, á hendur Sesselju Guðmundsdóttur, kt. 000000-0000, Urðarholti 5, Mosfellsbæ, fyrir brot gegn lögreglulögum, með því að hafa mánudaginn 21. október 2013, um kl. 13:30, í Garðahrauni í Garðabæ, neitað að hlýða ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að flytja sig um set, en ákærða var stödd á vinnusvæði, þar sem unnið var að lagningu nýs Álftanesvegar, rétt norðnorðvestan við Garðastekk. Telst brotið varða við 19. gr., sbr. 41. gr., lögreglulaga nr. 90/1996. Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða mætti við þingfestingu málsins þann 28. janúar sl. og neitaði sök. Skilaði ákærða greinargerð þann 24. febrúar sl. og krafðist þá þess að málinu yrði vísað frá dómi en til vara sýknu. Þá krafðist ákærða þess að sækjandi málsins, Karl Ingi Vilbergsson aðstoðarsaksóknari, viki sæti í málinu með vísan til 26. gr., sbr. 6. gr., laga nr. 88/2008, en ákærða hygðist leiða sækjanda sem vitni í væntanlegri aðalmeðferð málsins. Fór málflutningur um þessa kröfu ákærðu fram í máli nr. S-2/2014, sem er nákvæmlega eins mál og þetta mál, þann 24. mars sl. og var kröfum ákærðu í því máli hafnað. Var sú niðurstaða staðfest í dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 254/2014 þann 8. maí sl. Ákærða óskaði í framhaldi eftir fresti til að leggja fram frekari gögn, sem hún gerði í þinghaldi 5. júní sl. Fór aðalmeðferð fram 11. og 12. september sl. og var málið dómtekið að málflutningi loknum.

Málsatvik.

Óumdeilt er að unnið var um þessar mundir í Gálgahrauni í Garðabæ við lagningu nýs vegar til Álftaness. Hefur sú vegalagning sætt mótmælum og einstaklingar mótmælt henni með því að mæta á vinnusvæði Vegagerðarinnar og reynt að tefja eða stöðva vegalagninguna. Undir rekstri málsins lýstu ákærðu öll, í málum S-1/2014 til og með S-9/2014, að þau hafi verið í Gálgahrauni umrætt sinn í mótmælaskyni og hafi mótmælin verið friðsamleg en það sé stjórnarskrárbundinn réttur hvers manns að tjá sig opinberlega og halda uppi friðsamlegum mótmælum. Enginn ágreiningur er um það að þátttaka ákærðu í ofangreindum mótmælum hafi verið á friðsamlegum nótum. Þá er ekki ágreiningur um það að umræddan dag hafi Vegagerðin hafið ruðning í Gálgahrauni fyrir nýju vegastæði. Samkvæmt því sem næst verður komist hafi lögreglu verið gert viðvart deginum áður eða samdægurs um að hætta væri á að mótmælin, sem voru daglega í Gálgahrauni, myndu hugsanlega tefja eða koma í veg fyrir framkvæmdir. Hafi lögreglan því verið með viðbúnað og komið á svæðið umræddan morgun.

Þá liggur fyrir að eftir að verktakar hófu vinnu þá hafi merkingar utan um væntanlegt vinnusvæði, eftir framgangi verksins, verið færðar til þannig að ljóst væri hvar vinnuvélar færu um. Við þá framkvæmd hafi mótmælendur verið komnir inn fyrir merkt vinnusvæði og á svæði þar sem jarðvinna færi fram.

Þá er ekki um það deilt að lögreglan hafi gefið fyrirmæli í gjallarhorn um að mótmælendum væri gert að rýma vinnusvæðið. Sumir gerðu það en aðrir ekki. Þá er það sammerkt með öllum málunum að öll ákærðu voru handtekin fyrr um morguninn fyrir að óhlýðnast fyrirmælum lögreglunnar. Ágreiningur er um hvort lögreglan hafi gefið hverjum og einum ákærðu fyrirmæli og viðvörðun um handtöku ef þau hlýddu ekki þessum fyrirmælum og þá hvort þau hafi verið innan eða utan merkts vinnusvæðis.

Í upplýsingaskýrslu lögreglu um atvikið segir að lögreglan hafi verið að loka vettvangi og búið hafi verið að tilkynna fólki sem var þar statt að halda sig fyrir utan vinnusvæði sem búið væri að girða af með keilum og strengja band á milli þeirra. Ítrekað hafi verið búið að gefa fólki fyrirmæli um að yfirgefa vinnusvæðið og virða lokanir og fyrirmæli lögreglu. Ákærða hafi lagst niður innan lokaða svæðisins og neitað að yfirgefa vinnusvæðið þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli um það. Var ákærða í framhaldi handtekin og flutt á lögreglustöð.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst ákærða ekki hafa verið inni á lokuðu svæði heldur hafi hún gengið sunnan við svæðið sem hafi verið opið. Kvaðst ákærða hafa fengið fyrirmæli frá lögreglu um að yfirgefa vinnusvæðið og hafi fyrirmælin verið skýr.

Þá liggur fyrir að ákærða hafði verið handtekin fyrr um morguninn fyrir sömu háttsemi en sleppt í kjölfarið.

Skýrslur fyrir dómi.

Ákærða kom fyrir dóminn og kvaðst muna að lögreglan hafi verið að gefa einhver fyrirmæli á svæðinu en muni ekki út á hvað þau gengu. Aðspurð um lýsingu

lögreglu á því að ákærða hafi verið inni á lokuðu svæði kvað hún það vera rangt. Þá kvaðst ákærða ekki muna eftir því sem hún sagði við skýrslutöku hjá lögreglu. Þá kvaðst ákærða hafa setið við hliðina á ákærða Kristni, sem ákærður er í máli S-2/2014, umrætt sinn og skyndilega hafi hún verið rifin á fætur og dregin eftir hrauninu. Ákærða lýsti framkomu lögreglunnar fyrir dómnum við og eftir handtöku, sem hefur ekki þýðingu við úrlausn máls þessa.

Vitnið A lögreglumaður kom fyrir dómnum og kvaðst hafa verið á vettvangi umrætt sinn. Kvað vitnið ákærðu hafa verið gefin margítrekuð fyrirmæli um að fara út fyrir merkt svæði, sem hún hafi neitað. Ákærðu hafi þá verið kynnt að hún yrði handtekin og hún þá svarað að svo yrði þá að vera. Vitnið neitaði því aðspurt að búið hafi verið að ákveða það fyrirfram hvaða einstaklinga ætti að handtaka.

Vitnið B lögreglumaður kom fyrir dómnum og kvað öllum á svæðinu hafa verið gefin fyrirmæli um að yfirgefa vinnusvæðið, auk þess að öllum sem lögreglan hafði afskipti af hafi verið gefin sérstök fyrirmæli um að fara af svæðinu, einnig ákærðu, áður en lögregla handtók fólkið. Vitnið mundi ekki hvort það hafði persónulega sjálft gefið ákærðu fyrirmælin en það fólk sem hafi verið handtekið hafi verið innan merkts vinnusvæðis.

Vitnið C kvaðst hafa orðið vitni að mörgum handtökum umrætt sinn. Kvaðst vitnið einnig hafa tekið mikið af ljósmyndum og þær því hjálpað sér að muna atvik. Vitnið kvað mótmælendur hafa fært sig til og síðar hafi bönd verið sett utan um þá. Þegar kom að handtökum hafi fólk lagst niður á jörðina. Lögreglan hafi kallað að mótmælendur ættu að færa sig en þeir sagst ekki vera innan við merkt svæðið. Lögreglan hafi neitað því og „auðvitað hafi þetta verið merkt svæði“ þar sem lögreglan hafi verið búin að merkja svæðið utan um þau áður en þau voru handtekin. Lögreglan hafi sífellt verið að kalla til mótmælenda að yfirgefa svæðið og vísað til 19. gr. lögreglulaga.

Vitnið D, lögreglumaður og stjórnandi á vettvangi, kom fyrir dómnum og kvaðst hafa verið stjórnandi aðgerða á vettvangi. Kvaðst vitnið aðspurt ekki muna hversu lengi undirbúningur aðgerða hafi staðið en lögregla hefði margoft verið búin að fara á svæðið vegna mótmæla á fyrri stigum. Aðspurt um sektargerðir frá föstudeginum 18. september 2013 kvaðst vitnið ekki geta svarað fyrir um tilkomu sektargerða í málinu. Aðspurt um það hvort hafi verið búið að ákveða fyrirfram hvaða einstaklinga ætti að handtaka á mánudeginum, kvað vitnið það alls ekki vera rétt. Vitnið hafi ekkert vitað um það á föstudeginum hvað myndi gerast á mánudeginum en vitnið hafi fengið fyrirmæli á mánudagsmorgninum um að fara á vettvang vegna mótmælanna. Þá hafi enginn vitað um það hvernig verkefni lögreglunnar yrði eða myndi þróast. Vitnið kvað lögregluna hafa margítrekað reynt að fá fólkið til að fara af vettvangi en það ekki gengið eftir. Þegar ákærðu hafi verið handtekin höfðu þau öll áður verið handtekin fyrr um morguninn og færð af svæðinu, svo að lögreglan hafi verið búin að reyna vægari úrræði áður en til handtöku kom. Þau sem hafi verið handtekin hafi öll verið innan vinnusvæðis en hins vegar skipti það yfirleitt ekki máli hvort fólk sé innan afmarkaðs svæðis eða ekki sé á annað borð nauðsynlegt að beita 19. gr. lögreglulaga. Kvað vitnið að í þessu tilviki hafi öllum verið gefin almenn fyrirmæli um að yfirgefa vinnusvæðið. Þeir sem ekki hafi hlýtt þeim fyrirmælum hafi fengið í framhaldi skýr fyrirmæli frá lögreglu um að yfirgefa svæðið, og hafi því ekki verið hlýtt hafi fólk verið handtekið og flutt af svæðinu.

Vitnið E kom fyrir dóminn og kvaðst hafa heyrt þegar lögregla beindi þeim fyrirmælum til mótmælenda að yfirgefa vinnusvæðið. Kvaðst vitnið sjálf hafa sætt handtöku. Vinnusvæðið hafi eingöngu verið markað með keilum og böndum og hafi svæðið sífellt verið á hreyfingu. Taldi vitnið að bæði mótmælendum og lögreglu hafi stundum stafað hætta af vinnuvélum innan svæðisins.

F, ákærður í máli S-2/2014, gaf skýrslu sem vitni í máli þessu og kvaðst hafa verið vitni að handtöku ákærðu. Kvað vitnið nokkra aðila hafi setið á þúfu og rætt saman á friðsaman hátt, langt frá svæði þar sem vinnuvélar voru að vinna. Minnti vitnið að þau hafi ekkert fært sig en síðar hafi lögreglumaður komið að og vitnið rætt við hann. Lögreglumönnum hafi síðan fjölgað og ýjað hafi verið að því að þau þyrftu að hafa sig á brott. Svæðið hafi ekki verið afgirt en verið var að setja borða í kringum þau. Maður með gjallarhorn hafi verið þarna að segja fólki að fara en vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um það hvort ákærða hafi sjálf fengið bein fyrirmæli um að fara af svæðinu.

Önnur sönnunargögn.

Upplýsingaskýrsla lögreglu liggur fyrir í málinu og er hún rakin undir kaflanum „málsatvik“. Var ákærða þá borin út af vinnusvæði, sem búið var að loka af og ákærða neitaði að yfirgefa, handtekin og flutt á lögreglustöð.

Ákærða lagði fram mikið af ljósmyndum sem teknar voru umræddan dag en eru þó ótímasettar. Þá lagði ákærða einnig fram myndband, sem sett hafði verið saman um mótmælin í Gálgahrauni og handtökur og úr fréttatíma RÚV. Að auki lagði ákærða fram útskrift úr fésbókarsíðu G og athugasemdir við fésbókarsíðu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærða lagði fram ljósmyndir sem sýna hvar hún er borin út af svæðinu.

Forsendur og niðurstöður.

Ekki er ágreiningur um að ákærða ásamt fleira fólki var í Gálgahrauni umrætt sinn í þeim tilgangi að mótmæla væntanlegri vegagerð í gegnum hraunið.

Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og skv. 2. mgr. á hver maður rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Þetta segir að tjáningarfrelsið er takmarkað þannig að það gengur ekki lengra en önnur stjórnarskrárvarin réttindi manna, t.d. varðandi eignarétt og almannaheill. Í máli þessu höfðu þar til bær stjórnvöld tekið ákvörðun um að leggja veg um Gálgahraun og ekki liggur annað fyrir í málinu en að þau hafi haft þar til bær réttindi og heimildir til að leggja umþrættan veg. Þá liggur fyrir að lögregla eða framkvæmdaraðili Vegagerðarinnar færði til merkingar, sem voru keilur og borðar, eftir því sem verkið vannst. Þýddi það að færa þurfti merkingar til sem afmörkuðu fyrirhugað vinnusvæði. Við það hafi einhver hluti mótmælenda lent innan merkinga á væntanlegu vinnusvæði. Af myndbandi því, sem ákærða lagði sjálf fram, má sjá og heyra lögreglu ítrekað biðja mótmælendur í gegnum gjallarhorn að fara út af vinnusvæðinu. Hefur það ekki farið fram hjá neinum sem var í næsta nágrenni lögreglu.

Ákærða krefst sýknu í máli þessu og kveðst ekki hafa óhlýðnast fyrir mælum lögreglu. Í málinu liggur fyrir fjöldi ljósmynda sem ákærða lagði fram. Eru þær teknar af fréttaveitum og af einstaklingum sem ekki liggur fyrir hverjir eru. Verður að taka ljósmyndum þessum með fyrirvara um sönnunargildi þeirra, en ekki er ljóst af þeim hvenær dags eða í hvaða tilgangi þær voru teknar en fyrir liggur að ákærða var handtekin bæði fyrir og eftir hádegi þennan sama dag. Þó liggja fyrir ljósmyndir þar sem ákærða liggur í grasi og lögreglumenn standa hjá og er augljóslega innan merktis svæðis þar sem sem lögreglumenn eru að athafna sig. Þá eru ljósmyndir þar sem ákærða er tekin upp og studd af tveimur lögreglumönnum yfir hraunið og virðist sem ákærða sé máttlaus í fótunum.

Málsvörn ákærðu byggist á því að aðgerðir lögreglu hafi stangast á við stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu. Vísar ákærða í 73. og 74. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 og 10. og 11. gr. Mannréttindasáttmálans. Hafi aðgerðir lögreglu haft það eina markmið að koma í veg fyrir friðsamleg mótmæli ákærðu og annarra sem þar hafi verið staddir. Þá hafi aðgerðir lögreglu haft annarlegan tilgang sem hafi verið sá að fá fólk til að gerast brotlegt við lög og í þeim tilgangi að geta brotið mótmælin á bak aftur. Í því skyni hafi lögregla stækkað afmarkað svæði jafnóðum og búið var að vísa fólk út fyrir fyrra svæði. Í kjölfar þess hafi lögregla gripið til alvarlegra aðgerða sem hafi verið handtökur og frelsissviptingar og í mörgum tilfellum vistun í fangaklefa.

Ákærða byggir á því að hún hafi átt stjórnarskrárbundin rétt til að mótmæla, svo framarlega sem það væri gert á friðsaman hátt. Engu ofbeldi hafi verið beitt í umrætt sinn og þá hafi hún ekki veitt neinn mótlþróa þegar lögreglan handtók hana. Þá taldi ákærða þá hagsmuni sína og réttindi til að halda uppi lögmætum mótmælum meiri en þá hagsmuni Vegagerðarinnar að eyðileggja Gálgahraun. Þá hafi skilyrði 19. gr. lögreglulaga ekki verið uppfyllt, enda hafi ákærða mátt vera þarna þar sem um lögmætan tilgang var að ræða og hún hafi verið utan merktis svæðis og að auki hafi hún ekki verið ógnandi né hafi verið um uppþot að ræða.

Af myndskeiði sem ákærða lagði fram má sjá að nokkrir mótmælendur leggjast flötum beinum á jörðina rétt fyrir framan tönn jarðýtunnar og hlusta á lögreglumann vísa þeim burt af svæðinu en þau mótmæla. Engar tímasetningar eru á myndbandinu svo að ekki er ljóst hvort um var að ræða mótmæli fyrir eða eftir hádegi. Hins vegar sjást vel afmarkanir svæðisins með keilum og bordum, sem átti ekki að dyljast neinum sem horfði yfir athafnasvæðið. Þá heyrir einnig á myndskeiðinu að lögregla hvetur fólk ítrekað í gjallarhorni til að fara út fyrir vinnusvæðið.

Ákærðu Sesselju er gefið að sök að hafa ekki hlýtt fyrir mælum lögreglu í umrætt sinn en hún kvaðst fyrir dóminum ekki muna hvort lögreglan hafi gefið einhver fyrir mæli eða ekki. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærða hafa fengið fyrir mæli um að yfirgefa vinnusvæðið og hafi fyrir mælin verið skýr. Ákærða lýsti framkomu lögreglunnar fyrir dóminum við og eftir handtöku, sem hefur ekki þýðingu við úrlausn máls þessa. Vitnið A kvaðst hafa gefið ákærðu margítrekuð fyrir mæli um að yfirgefa svæðið áður en hún var handtekin. Staðfesti vitnið B lögreglumaður, D og E að lögreglan hafi gefið skýr fyrir mæli með gjallarhorni um að mótmælendur ættu að yfirgefa svæðið áður en handtökur hófust. Vitnið C kvað fyrir dóminum að þegar komið hafi að handtökum hafi fólk lagst niður á jörðina og

hafi það verið innan merkets svæðis. Lögreglan hafi sífellt verið að kalla til mótmælenda að yfirgefa svæðið og hafi vísað til 19. gr. lögreglulaga. Þá kvað vitnið F lögreglumenn hafa komið að þeim og ýjað að því að þau þyrftu að hafa sig á brott.

Í ákærinni er ákært fyrir að hlýða ekki fyrirmælum lögreglu og brotið talið varða við 19. gr., sbr. 41. gr., lögreglulaga. Margar lærðar greinar hafa verið skrifaðar um rétt einstaklinga til skoðana- og tjáningarfrelsis og er sá réttur bundinn í 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33 frá 1944 en þar segir í 1. mgr.: „Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.“ Í 2. mgr. segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verði hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Í 3. mgr. segir að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Samkvæmt 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er lögreglu heimilt að hafa afskipti af borgurunum í því skyni að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu, til að gæta öryggis einstaklinga og almennings eða til að afstýra brotum eða stöðva þau. Í þessu skyni er lögreglu m.a. heimilt að vísa fólki á brott eða fjarlægja það og fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim. Í 19. gr. er síðan að finna almennt ákvæði sem kveður á um skyldu borgaranna til að hlýða fyrirmælum lögreglunnar. Það er meginregla íslenskrar stjórnskipunar að enginn geti komið sér hjá því að hlýða yfirvaldsboði í bráð þótt hann vefengi heimildir stjórnvalda, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þótt ákærða teldi sig hafa ástæðu til að draga í efa að heimilt væri að ganga svo langt sem raun ber vitni við vegaframkvæmdir, veitti það ekki rétt til að hindra framkvæmdir hennar á þann hátt, sem ákærða gerði. Í máli þessu liggur fyrir að ákærða hlýddi ekki augljósum fyrirmælum lögreglu um að fara út af vinnusvæðinu og láta af aðgerðum sínum að því marki sem hún gekk á rétt annarra til að halda áfram lögmætum framkvæmdum og voru aðgerðir lögreglu því nauðsynlegar í umrætt sinn og samrýmast heimildum 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Ákærðu átti að vera fullljóst að hún var að fara gegn fyrirmælum lögreglu, enda hafði hún verið handtekin fyrr um morguninn vegna sömu háttsemi. Þá er framburður ákærðu um að hún muni ekki eftir fyrirmælum lögreglu ótrúverðugur.

Telur dómurinn engu máli skipta hvort merkingar hafi verið komnar áður eða eftir að ákærða lagðist niður á svæðið, þar sem henni mátti vera fullljóst að þegar lögreglan bað hana að fara af svæðinu var ákærða þá þegar innan merkinga um vinnusvæði.

Þá breytir engu þótt ákærða hafi ekki neitað að yfirgefa svæðið, heldur felast í þeirri háttsemi einni að standa ekki upp og yfirgefa svæðið þegar henni var fyrirskipað það, með þeim afleiðingum að lögregla þurfti að bera ákærðu út af svæðinu, mótmæli við fyrirmælum lögreglu.

Telur dómurinn ákæruvaldið hafa fært fram lögfulla sönnun þess að ákærða hafi gerst brotleg eins og greinir í ákæru og verður henni gerð refsing fyrir. Er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærðu hefur ekki verið gerð refsing áður. Þrátt fyrir að ákærða hafi verið í friðsamlegum mótmælum í Gálgahrauni umrætt sinn, þá verður sá tilgangur ekki metinn henni til refsilækkunar í máli þessu þar sem mótmæli ákærðu gengu lengra en stjórnarskrárvarinn réttur hennar var. Er þeirri málsástæðu hafnað.

Er refsing ákærðu ákveðin 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem ákærðu ber að greiða innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í átta daga. Ákærða greiði allan sakarkostnað, sem eru málflutningslaun skipaðs verjanda hennar, Skúla Bjarnasonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, Sesselja Guðmundsdóttir, greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í átta daga.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, sem eru málflutningslaun skipaðs verjanda hennar, Skúla Bjarnasonar hrl., 150.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir.

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 9.10. 2014.